



## Akraneskaupstaður

### STARFSREGLUR UM SÉRSTAKA AÐSTOÐ OG ÞJÁLFUN

#### Í LEIKSKÓLUM AKRANESKAUPSTAÐAR

---

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008, 22. gr. segir: „Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.“

Leikskólar fá úthlutað annars vegar sérmerktu fjármagni sem nemur 0,5% stöðugildi fyrir hvert barn í leikskólanum. Þetta fjármagn er ætlað til skipulagningar á sérstakri aðstoð og þjálfun, framkvæmd hennar og endurmati ásamt því að sinna börnum með vægari frávik í þroska, félagslega og tilfinningalega erfiðleika. Að öllu jöfnu er það sérkennslustjóri viðkomandi leikskóla sem sinnir þessu starfi. Hins vegar ætlað til úthlutunar á tímum sem sótt er um vegna einstakra barna með hliðsjón af eðli fötlunar eða verulegra frávika í þroska.

Leikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra, í samvinnu við foreldra og sérfræðiþjónustu, ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og endurmati sérstakrar aðstoðar og þjálfunar. Sérkennslustjóri skal sjá til þess að einstaklingsnámsskrá sé unnin fyrir hvert barn sem nýtur sérstakrar aðstoðar og þjálfunar samkvæmt starfsreglum þessum. Sérkennslustjóri skal einnig sjá til þess að einstaklingsnámsskrá sé framfylgt og hún endurmetin reglulega. Deildarstjóri er ábyrgur fyrir þjálfun og sérstakri aðstoð sem fer fram á hans deild. Þess skal gætt að barn sem nýtur sérstakrar aðstoðar og þjálfunar einangrist ekki heldur sé hluti af barnahópnum í leikskólanum og njóti umönnunar og menntunar í eðlilegum félagslegum tengslum.

Sérfræðiþjónusta veitir ráðgjöf vegna barna í leikskólum til starfsfólks leikskóla og foreldra eftir því sem þörf krefur.

Umsókn um sérstaka aðstoð og þjálfun í leikskóla skal unnin í samvinnu við sérfræðiþjónustu og / eða aðra sérfræðinga sem koma að málefnum barnsins. Með umsókn skal fylgja áætlun um hvernig fyrirhugað er að skipuleggja sérstaka aðstoð og þjálfun.

Umsóknir eru teknar fyrir að vori ár hvert fyrir komandi skólaár. Umsóknir eru ekki teknar fyrir á öðrum tímum nema um nýjar greiningar sé að ræða en séu frávik barnsins með þeim hætti að þau kalli á frekari sérstaka aðstoð og þjálfun skal senda rökstudda beiðni um aukna úthlutun.



## Akraneskaupstaður

Úthlutun á sérstakari aðstoð og þjálfun er að jafnaði í hlutfalli við dvalartíma barns í leikskóla.

### **Viðmið við úthlutun til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar í leikskólum**

#### **1. flokkur**

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi t.a.m. vegna fjölfötlunar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50) verulegrar tengslaskerðingar, alvarlegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur), blindu, heyrnarleysis og alvarlega langveik börn. Úthlutun til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar getur verið allt að allur dvalartími barnsins í leikskólanum.

#### **2. flokkur**

Börn sem þurfa á reglulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu lífi t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunar (51-70), vægrar tengslaskerðingar, hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjónskerðingar, verulegrar heymarskerðingar, alvarlegrar málhömlunar (<70) og langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Úthlutun til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar getur verið allt að 6 klukkustundir á dag.

#### **Tímabundin sérstök aðstoð og þjálfun í leikskóla**

Séu frávík barnsins með þeim hætti að þau kalli á fleiri tíma til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar skal senda rökstudda beiðni um slíkt. Hægt er að veita tímabundna sérstaka aðstoð og þjálfun allt að 4 klukkustundir á dag vegna félagslegra erfiðleika á heimili, alvarlegra mál-, hegðunar- eða tilfinningalegra erfiðleika. Einnig fyrir langveik börn sem þurfa sérstaka tímabundna aðstoð og þjálfun.

Slíkri umsókn um sérstaka aðstoð og þjálfun skal fylgja samantekt þar sem fram kemur að íhlutun hafi farið fram innan leikskólans í a.m.k. þrjá mánuði og með hvaða hætti árangur hefur verið metinn.

#### **Sérstök aðstoð og þjálfun vegna barna sem hefur verið vísað til viðurkenndra greiningaraðila**

Börnum sem vísað hefur verið til viðurkenndra greiningaraðila geta fengið úthlutað sérstakri aðstoð og þjálfun í samræmi við niðurstöður frumgreiningar.

Viðurkenndir greiningaraðilar:



# Akraneskaupstaður

Barnateymi Akraness, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Heyrnar- og talmeina- og talmælingastöð Íslands, Barna- og unglingsgeðdeild og barnalæknar.

---

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri